

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og  
Kópavogssvæðis

Garðaborg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hkk@heilbrigdiseftirlit.is

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Haraldur I. Haraldsson, bæjarstjóri.  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2/10 2017
Málsnr:	1710024
Bréfál:	400

GHE/ghc 00.01

29. september 2017

Með vísun til samstarfssamnings um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 22. febrúar 1999 sendist hér með fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um áætlunina á fundi sínum þann 26. september 2017 og vísar henni til meðferðar hjá bæjarstjórnnum aðildar sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt,  
f. h. heilbrigðisnefndar.

  
Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.



## Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

	Hundhald	Heilbrigðiseftirlit	Alls
<b>TEKJUR</b>			
Framlag sveitafélaga til reksturs			
Framlag Hafnarfjarðar		14.900.000 kr.	14.900.000 kr.
Framlag Garðabæjar		7.900.000 kr.	7.900.000 kr.
Framlag Kópavogs		<u>18.100.000 kr.</u>	<u>18.100.000 kr.</u>
Framlag sveitarfélaga alls		40.900.000 kr.	40.900.000 kr.
Leyfi og skráningagjöld	2.900.000 kr.	7.000.000 kr.	9.900.000 kr.
Eftirlit	21.200.000 kr.	68.000.000 kr.	89.200.000 kr.
Annað	<u>350.000 kr.</u>	<u>7.410.000 kr.</u>	<u>7.760.000 kr.</u>
Sala alls	27.900.000 kr.	82.410.000 kr.	106.860.000 kr.
<b>Tekjur og framlag alls</b>	<b>24.450.000 kr.</b>	<b>123.310.000 kr.</b>	<b>147.760.000 kr.</b>
<b>GJÓLD</b>			
Heilbrigðisnefnd	700.000 kr.	4.080.000 kr.	4.780.000 kr.
Launa- og starfsm.kostnaður	13.000.000 kr.	92.520.000 kr.	105.520.000 kr.
Húsnæði	960.000 kr.	5.640.000 kr.	6.600.000 kr.
Skrifstofukostnaður	.670.000 kr.	3.970.000 kr.	4.640.000 kr.
Tölvukostnaður	420.000 kr.	1.365.000 kr.	1.785.000 kr.
Aksturskostnaður	800.000 kr.	3.400.000 kr.	4.200.000 kr.
Funda- og fræðslukostnaður	200.000 kr.	820.000 kr.	1.020.000 kr.
Aðkeypt þjónusta	2.100.000 kr.	9.540.000 kr.	11.640.000 kr.
Ýmis rekstrarkostnaður	5.600.000 kr.	1.975.000 kr.	7.575.000 kr.
<b>Gjöld alls</b>	<b>24.450.000 kr.</b>	<b>123.310.000 kr.</b>	<b>147.760.000 kr.</b>

29. september 2017.

*Guðmundur H. Einarsson*  
Guðmundur H. Einarsson,  
framkvæmdastjóri.

## **Fjárhagsáætlun 2018.**

### **Stöðumat í september um yfirstandandi ár 2017**

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir var breytt á vorþingi (lög 1056/2017. EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda). Lögini tóku að megin hluta gildi 1. júlí 2017. Við lagabreytinguna fækkar eftirlitsskyldri starfsemi milli ára (nú um 1450 eftirlitsstaðir). Helsta breytingin er að eftirliti með gistingu á einkaheimilum hefur verið hætt.

Gildistími kjarasamninga er að jafnaði til 31. mars 2019. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitala hækki um 6,7% frá 2016 til 2017. Um 70% útgjalda eru laun og launatengd gjöld. Ráðnir voru tveir sérfræðingar í lausar stöður fyrir mitt ár. Voru það stöður sem losnað höfðu þegar starfsmenn sem gegndu þeim létu af störfum að eigin ósk eða vegna aldurs. Störfin eru með áherslu á matvælaeftirlit og með áherslu á hollustuháttaeftirlit þ.m. talið dýrahald. Eðlimáls samkvæmt hefur farið mikill tími í að leiðbeina og setja nýja starfsmenn inn í sín nýju störf. Fastir starfsmenn eru nú skrifstofustjóri, tveir sérfræðingar og 6 heilbrigðisfulltrúar, þar af einn sem jafnframt er framkvæmdastjóri. Starfsmaður í hluta starfi er við ræstingu skrifstofu húsnæðis en húsfélag sér um ræstingu í sameiginlegu rými.

Á árinu fór einn heilbrigðisfulltrúi í fæðingarorlof eftir veikindaleyfi. Langtíma veikindi var einnig um að ræða hjá öðrum heilbrigðisfulltrúa. Nauðsynlegt hefur því reynst að ráða viðbótarstarfskrafta til að sinna aðkallandi verkefnum. Tveir sérfræðingar voru ráðnir til þessara afleysingastarfa tímabundið. Annar er nú að ljúka störfum en gerður hefur verið eins árs ráðningarsamningur við hinn. Gert var ráð fyrir aukningu í starfsmannahaldi seinni hluta árs 2017 og þá tímamarki yrði ráðinn sérfræðingur til starfa í almennu umhverfiseftirliti. Þar sem mæta þurfti skyndilegum langtíma veikindum hefur verið beðið með að ráða í það starf. Útlagður launakostnaður á árinu stefnir í að samsvara 9 stöðugildum og hafa 16 einstaklingar tengst þessum launakostnaði

### **Almennt fyrir starfsáætlun 2018**

Heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að verndar hagsmuni íbúa nær samfélagsins og neytendur viðkvæmrar þjónustu og matvæla. Því er ætlað að stuðla að viðhaldi umhverfisgæða og jákvæðri þróun umhverfismála. Unnið er að þessu í eftirliti með því að staðfesta að farið sé að lögum og reglum um hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli og fylgja eftir kröfum um úrbætur þar sem það á við.

Verkefnum í matvælaeftirliti, umhverfisvöktun og mengunaróhöppum hafa verið að breytast með nýjum áherslum og opnari umræðu í samfélaginu.

Í skipulagi eftirlits hefur áhersla verið lögð á eftirlit hjá starfsemi sem er að hefjast. Starfsleyfi eru þá afgreidd og oft farið tímabundið í tíðari eftirlitsferðir í trausti þess að það geti leitt til betri árangurs í framhaldinu. Lögð er áhersla á upplýsingagjöf til fyrirtækja í eftirliti. Samvinnu við önnur yfirvöld og birtingu upplýsinga til almennings á helmasíðu. Stöðugt er unnið að bættri eftirfylgni með framkvæmd reglna. Lagt er upp úr þjálfun og símenntun starfsmanna til að halda uppi gæðum í starfseminni og til að standast flóknari formreglur stjórnáráðsunnar sem verða stöðugt tímafrekari í eftirliti. Boðaðar hafa verið breytingar á regluverki varðandi starfsleyfisskyldu í hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti. Ekki er ljóst hvenær þær koma til framkvæmda eða hvernig þær koma til með að verða endanlega.

### Forsendur fjárhagsáætlunar

Stuðst er við gögn Hagstofunnar sem gerir ráð fyrir að verðbólga verði ekki mikil. Vísitala neysluverðs hækki um 2,7% og launavísitala um 2,9% á næsta ári. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem almenna vísbendingu um verðbreytingar á rekstrarvöru og þjónustu. Kjarasamningar flestra félaga sem heilbrigðiseftirlitið vinnur eftir gilda til 31. mars 2019. Þann 1. júní 2018 breytast laun vegna innleiðingar starfsmats sem ekki er auðvelt að sjá fyrir þær breytingar. Í leiðbeiningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá fyrra ári er reiknað með einhverju launaskriði hjá sveitarfélögunum á næstu árum. Erfitt er að segja nákvæmlega til um stærðargráðuna, en reikna má með að hún sé að jafnaði nálægt 0,5% á hverju ári samkvæmt leiðbeiningum sambandsins. Nálægt 70% af útgjöldum er starfsmannakostnaður.

### Íbúapróun

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar voru íbúar þann 1. janúar 2017 alls 79.179 og er fjölgun um tæp um 3% millí ára. Spár um íbúapróun gera ráð fyrir áframhaldandi íbúafjölgun.

Sveitarfélög	Íbúafjöldi	
	janúar 2017	janúar 2016
Kópavogur	35.246	34.140
Hafnarfjörður	28.703	28.189
Garðabær	15.230	14.717
Samtals	79.179	77.046

### Starfsmannahald 2018

Tveir tiltölulega nýráðnir sérfræðingar eru nú í markvissri starfsþjálfun. Annar er matvælafræðingur en hinn líffræðingur. Auk þess sem líffræðingur sem hefur verið ráðinn tímabundið vegna fæðingaorlofs og langtímaveikinda er einnig í slíkri starfsþjálfun. Í byrjun árs 2018 má vænta þess að matvæla- og hollustuháttaeftirlit verið komið í góðar horfur að lokinni starfsþjálfun.

Á árinu er stefnt að aukinni áherslu á eftirlit með starfsemi sem valdið getur mengun þegar ráðinn hefur verið sérfræðingur til slíkar starfa. Á árunum 2002 til 2007 var sérfræðingur í slíkri stöðu og skilaði það góðum árangri. Tímabært er að taka þá framkvæmd upp að nýju en háskólanemar hafa verið fengnir til skemmi tíma í slíkt eftirlit. Til lengri tíma skilar það ekki ásættanlegum árangri að vera með tímabundið starfsfólk í eftirlitsstörfum með fyrirtækjum og umhverfi þó það hafi kosti til skamms tíma. Eftirfylgni verður ómarkvissari við það fyrirkomulag. Aukningar í vinnuframlagi við umhverfiseftirlit er jafnframt þörf vegna umhverfissvöktunar, vinnu vegna mengunaróhappa, frumkvæðisskyldu um upplýsingagjöf um umhverfismál, eftirlit með vatnsvernd og almenns eftirlits með mengunarvörnum og umgegni.

### Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum, almennngli eða stofnunum. Slíkar veitur eru 7 talsins á svæðinu.

Áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi, skjalfestar verklagsreglur og eftirlitsáætlun eru tæki sem nýtt eru til samræmingar á eftirliti. Matvælastofnun hefur verið að þróa gagnagrunnskerfið „Ísleyf“ til að styrkja matvælaeftirlitið í landinu og samræma vinnulag. Unnið er að innleiðingu á gagnagrunninum til að halda utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður. Jafnframt því er unnið að áhættumati

og þróun eftirlitshandbókar. Þessir þættir koma jafnframt til með að auka gæði í eftirliti. Innleiðingu þessara kerfa á að vera langt komið í byrjun árs 2018.

Matvælaeftirlit skal fjármagnað samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin gefa út fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælaeftirlit greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum: a) launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, b) öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, c) kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Fyrirtækin eiga sjálf að taka sýni til að tryggja að örverufræðileg viðmið standist. Opinberir eftirlitsaðilar eiga að taka sýni til að sannprófa að niðurstöður fyrirtækjanna standist.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, er með eftirlitsheimsóknir í EFTA-löndunum. Kannar stofnunin þannig eftirfylgni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlitssvæðin, Tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru stofnanir sem ESA gerir úttektir hjá í sambandi við matvæli og neysluvatn. Áætlun ESA fyrir næsta ár er ekki kunn ennþá.

Matarborlín sjúkdómur er samheiti yfir matareltranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnun, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborlín sjúkdóms. Tilvik varðandi þessi atriði eru ekki mörg á ári en gera veður ráð fyrir bæði vinnu á fjármagn til rannsókna. Hættan á að eitthvað fari úrskaiðis er til staðar.

Matvælahópur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar heldur nokkra fundi á ári. Hlutverk hópsins er að stuðla að samráði og samræmingu milli Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skal sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlitsins. Auk þess er vorfundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum vegna sameiginlegra verkefna og samræmingar á vinnubrögðum. Á hverju ári eru skipulögð eftirlitsverkefni og eru nú tvö verkefni í undirbúningi fyrir næsta ár.

#### **Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit**

Vegna hollustuháttaeftirlits er algengust ein eftirlitsferð á ári í fyrirtæki eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Vegna mengunarvarnaeftirlits er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári í fyrirtæki eða eftirlit annað hvert ár. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim.

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Einn sérverslun er með tóbak. Sölustöðum hefur fækkað og eru um 44 talsins. Í ljós hefur komið að fjöldi ungs afgreiðslufólks hefur óbeina aðkomu að tóbakssölu og því fyllsta ástæða til að draga ekki úr þessu eftirliti.

#### **Umhverfissvöktun**

Umhverfissvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga og gerlamælinga í vötnum, lækjum og strandsjó. Umhverfissvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum í grunnvatni,

lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróum. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerðar sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meili er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar.

Í reglugerð um fráveitur og skólp eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og skurðir eru víða mengaðir.

Skipulögð vöktunarverkefni eru í gangi og er ráðgert að halda þeim áfram í svipuðum farvegi. Niðurstöður mengunarmælinga eru birtar jafn óðum á heimsíðu stofnunarinnar.

Mengunarálag hefur minkað vegna skiplegra úrbóta en niðurstöðurnar gefa þó ekki tilefni til að draga úr skipulegri vöktun. Rannsóknarkostnaður vegna þessara verkefna greiða viðkomandi sveitarfélög.

Heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með rekstri tveggja loftgæðamælistöðva. Færanlegrar mælistöðvar í Kópavogi og mælingum við Norðurhelli í Hafnarfirði. Í farvatninu er að auka frekar loftgæðamælingar. Niðurstöður mælinganna nýtast við mat loftgæða bæði staðbundin og á svæðinu öllu. Til samanburðar nýtast einnig mælingar úr stöðvum Umhverfisstofnunar við Grensásveg í Reykjavík og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Ákvæði í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir um loftgæðamál kalla á öflun grunnupplýsinga um ástand loftgæða.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almennngi eru einnig hluti af umhverfsvöktun. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna umferðarhávaða og munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum.

#### **Dýræftirlit**

Eftirlit með dýravelferð færðist frá sveitarfélögunum til ríkisins fyrir nokkrum misserum. Þrátt fyrir þá breytingu hefur kostnaður og umstang Sveitarfélagna síst minkað. Sveitarfélögin fengu við tilfærsluna verulegar auknar skyldur varðandi afskipti og vörslu dýra sem lenda í lausagöngu og hefur heilbrigðiseftirlitið séð um þann þátt. Sama á við að sveitarfélögin voru ekki leyst undan hjálparskyldu vegna dýra. Fjöldi mála varðandi ónæði og deilur vegna gæludýrahalds eru nokkuð stöðug. Deilumálum sem tengjast dýrahaldi í fjöleignahúsum eru til staðar og fylgja þeim kvartanir og fyrirspurnir. Ekki er hægt að draga úr vinnuframlagi við dýræftirlit svo nokkru nemi. Aðkallandi verkefni koma fyrir í þessum málaflokki og eru oft tímafrek. Eðli máls samkvæmt þola þau sjaldnast bið.

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samningar eru um hundageymslu og kattageymslu. Samningum þessum fylgir kostnaður og hefur heilbrigðiseftirlitið haft umsjón með málaflokknum. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Nýskráningum hunda fjölgar ekki eins og áður. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi með lækku eftirlitsgjalda virðist skila árangri. Fá afskipti af hundum sem farið hefur verið með á námskeið styðja þá ályktun. Kvörtunum og afskiptum vegna hunda hefur ekki fjölgað á sama hátt og dýrum. Afgreiðsla skráninga krefst meira vinnuframlags vegna ákvæða fjöleignahúsalaga. Góð aðstaða er til að geyma hunda sem taka þarf í vörslu þar sem aðgangur er að dýrageymslu. Hundar sem fara á flæking eru nú oft auglýstir á miðlum á internetinu. Komast þeir þar oft til skila og er af þeim ástæðum hefur notkun geymslunnar minkað. Þörfin fyrir geymsluna er samt

sú sama þó handsömunargjöld hafi dregist saman. Lögreglan sinnir lítið kvörtunum vegna ónáðis af hundahaldi eða lausagöngu. Vistun flækingshunda hefur við þessar breyttu aðstæður fækkað verulega.

Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinafélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Reiknað er með að sá samningur verði framlengdur.

#### Fjármál og rekstur

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit. Tímagjald er kr. 13.200 og sýnatökugjald kr. 14.000. Lagt er til að tímagjald verði 13.400 til að mæta launabreytingum en einnig hækkun á aðkeyptri þjónustu. Einnig er lagt til að jafnaðar sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir eftirlitsmælingar vegna örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga verði kr. 16.200. Boðaðar hafa verið hækkanir á gjaldskrá rannsóknastofu sem verður að mæta. Tímagjald er reiknað samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. 3.mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Innheimta gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Samkvæmt ákvæðum matvælaalaga ber að innheimta slíkt eftirlitsgjald en samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er sveitarfélögum slíkt innheimta heimil. Í matvælaalögum er tekið fram að eftirlitsgjald skuli standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum við eftirlitið.
  - a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
  - b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
  - c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.
- Fyrir eftirlit vegna hundahalds. Árlegt eftirlitsgjald er kr. 12800 (kr. 6.400 með afsiættli). Skráningargjald er kr. 14.000. Fyrir bráðabirgðaskráningu er greitt hálf skráningargjald. Lagt er til að gjaldskrá verði óbreytt þar sem óverulegar breytingar eru fyrirjáanlegar á raunkostnaði.

Heilbrigðiseftirlitið er með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt akstur samningum og akstursdagbókum. Staðið hefur til að að stofnunin eignist eina bifreið til viðbótar. Yrði það til að auka hagræðið við eftirlit og til lítils háttar fjárhagslegs ávinnings. Utan um hald um rekstur bifreiða vegur þar á móti.

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verkswiði stofnunarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum. Matvælasýni ber að taka til mælinga vegna matvælaöryggis. Slík sýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísu sem unnin eru í samstarfi við Matvælastofnun í sama tilgangi. Innheimta ber kostnað við sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komt upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru vegna neysluvatns, annarra matvæla auk mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Möguleiki til að innheimta

rannsóknarkostnað er að jafnaði ekki fyrir hendi. Matis hefur boðað verulega hækkun á sinni þjónustu við heilbrigðiseftirlitssvæðin.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel en því fylgir jafnframt nokkur kostnaður. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta s.s. lögmanna getur verið sveiflukennd en reiknað er með að hún aukist. Einnig þarf vegna umhverfisvöktunar og mengunaryarnaftirlits að gera ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónusta. Aðkeypt þjónustugjöld hjá banka hafa hækkað og kostnaður vegna móttöku greiðslukorta bæst við.

29. september 2017

Guðmundur H. Einarsson.

## 2. Greining kostnaðarliða

Kostnaður sem reiknast í tímagjaldi

2.1.

Launakostnaður (2.1.1.)

Laun + lt.gj. sbr. liður 1.1.

Lækkun á launakostnaði

60.358.000 kr.

**60.358.000 kr.**

Launakostnaður samtals

Húsnæði (2.1.2.)

Húsaleiga

4.250.000 kr.

Viðgerðir og viðhald

200.000 kr.

Rafmagn, hiti og sameign

135.000 kr.

Hreinlætisvörur

50.000 kr.

Þvottur

50.000 kr.

Ræsting

50.000 kr.

Innanstokksmunir

650.000 kr.

Lækkun húsnæðiskotnaðar

Húsnæði samtals

**5.385.000 kr.**

Skrifstofukostnaður (2.1.3.)

Bækur/tímarit 50%

30.000 kr.

Pappír og ritföng

400.000 kr.

Prentun, fjölnitun, ljósritun

400.000 kr.

Sími

730.000 kr.

Netföng

2.200.000 kr.

Burðargjald

400.000 kr.

Viðhald skrifstofuvéla

450.000 kr.

Mötuneyti

Almennt skrifstofuhald, fræðsluefni

960.000 kr.

Lækkun á skrifstofukostnaði

Skrifstofukostnaður samtals

**5.570.000 kr.**

Ferðakostnaður (2.1.4.)

Akstur greiddur

2.380.000 kr.

Rækstur bifreiða

1.220.000 kr.

Dagpeningar

70.000 kr.

Annar ferðakostnaður

260.000 kr.

Lækkun á ferðakostnaði

Ferðakostnaður samtals

**3.930.000 kr.**

Annar kostnaður

740.000 kr.

Stjórnunarkostnaður (2.1.5.)

Aðkeypt vinna (2.1.6.)

1.100.000 kr.

Bókhald/Endurskoðun (2.1.6.)

1.900.000 kr.

Viðhald áhalds (2.1.7.)

750.000 kr.

Lífeyrisskuldbindingar (2.1.8.)

280.000 kr.

Símenntun 50% (2.1.9.)

210.000 kr.

Heilbrigðisnefnd 50% (2.1.10.)

2.040.000 kr.

Tölvur, afskriftir (2.1.11.)

650.000 kr.

Hugbúnaður

480.000 kr.

Kerfisfræðiaðstoð

650.000 kr.

Annað (2.1.12.)

3.250.100 kr.

Lækkun á öðrum kostnaði

Annar kostnaður samtals

**12.050.100 kr.**

Samtals

**87.293.100 kr.**

Kostnaður ótengdur tímagjaldi

2.2.

Rannsóknarkostnaður

5.450.000 kr.

Auglýsingar

150.000 kr.

Samtals

**5.600.000 kr.**

2.3.

Launakostnaður (1.2.)

32.161.000 kr.

Heilbrigðisnefnd 50%

2.040.000 kr.

Rannsóknarkostnaður

1.000.000 kr.

Bækur/tímarit 50%

30.000 kr.

Innheimtukostnaður

600.000 kr.

Símenntun 50% (2.1.9.)

210.000 kr.

Gæludýr

Annað

**36.041.000 kr.**

Samtals

**123.334.100 kr.**

Liður	1.1.		1.2.	
	Ársverk v/eftirlitst. Ft+St	Ársverk ótengd eftirlitst. Ft+St	Ársverk v/eftirlitst. Ft+St	Alls
1. Greiðing ársverka				
Frámkvæmdastjórn	0,25	0,75	1	
Skrifstofustjórn	0,5	0,5	1	
Heilbrigðisfulltrúi, deildarstjóri umhverfi	0,7	0,3	1	
Heilbrigðisfulltrúi, deildarstjóri matvæli og hollustuvernd	0,7	0,3	1	
Heilbrigðisfulltrúi, matvæli og hollustuhættir	0,9	0,1	1	
Heilbrigðisfulltrúi, vöktun og mengunarvarnir	0,6	0,4	1	
Heilbrigðisfulltrúi, matvælaðreifing	0,9	0,1	1	
Heilbrigðisfulltrúi, matvæluhættir og matvæli	0,8	0,2	1	
Sérfræðingur: hollustuhættir og mengunarvarnir	0,9	0,1	1	
Ræsting.	0	0,25	0,25	1
Sérfræðingur, umhverfimal og dyrahalð	0,6	0,4	1	
Summarafleysing	0	0,25	0,25	
Samtals	6,85	3,65	10,5	

Laun, launategd gjöld og annar starfsmanna kostnaður 92.520.000 kr. (færst í lið 2.3.)  
 Skipting launa (1.1. færst í lið 2.1.1.) 60.358.286 kr. 32.161.714 kr. 35 100,0

3. Virkar vinnustundir  
 Virkar vinnustundir: Mán. 110 Ar 1320 9042

Liður	4.1.1.		4.1.2.		4.1.3.		4.2.1.		4.2.2.		4.2.3.		4.2.4.	
	Regulegt	Ný starfs												
Hlutfallsleg skipting ársverka vegna eftirlitsskiðra fyrtaekja og stofnana														
Frámkvæmdastjórn	0,25	0,1	0,4	0,1	0,1	0,1	0,2	0,15	0,05	0	0,5	0	0,4	0
Skrifstofustjórn	0,5	0	0	0	0	0	0	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, deildarstjóri umhverfi	0,7	0,1	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, deildarstjóri matvæli og hollustuhættir	0,7	0,1	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, matvæli og hollustuhættir	0,9	0,2	0,6	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, vöktun og mengunarvarnir	0,6	0,1	0,5	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, matvælaðreifing	0,9	0,1	0,6	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Heilbrigðisfulltrúi, matvæluhættir og matvæli	0,9	0,1	0,6	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Sérfræðingur: hollustuhættir og mengunarvarnir	0,9	0,1	0,6	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Ræsting.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sérfræðingur, umhverfimal og dyrahalð	0,6	0,4	0,4	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0	0,1	0	0,1	0
Summarafleysing	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95	6,95

Skýpling ársverka umreiknað í virkar vinnustundir	Atvarkvæðing Virðisfræðingur (4.1.1.)		Eitrisstjórn (4.1.) virkum vinnustundum regjungsgeðingur (4.1.2.)		Skrifstofustjórn (4.2.) virkum vinnustundum virkisfræðingur (4.2.3.)	
	Virðisfræðingur (4.1.1.)	Virðisfræðingur (4.1.2.)	Virðisfræðingur (4.1.2.)	Virðisfræðingur (4.1.2.)	Virðisfræðingur (4.2.3.)	Virðisfræðingur (4.2.3.)
Fræðingur	330	33	132	33,0	66	17
Skrifstofustjórn	660	0	0	0,0	0	0
Heilbrigðisfræðingur, deildarstjóri umhverfi	924	462	462	92,4	92	264
Heilbrigðisfræðingur, deildarstjóri matvæði og hollus	1188	462	462	92,4	92	92
Heilbrigðisfræðingur, matvæði og hollustuhættir	792	713	713	237,6	119	0
Heilbrigðisfræðingur, vöktun og mengunarvarnir	1188	396	396	79,2	79	0
Heilbrigðisfræðingur, matvæðisfræðingur	1188	713	713	0,0	119	0
Sérfræðingur, hollustuhættir og matvæði	1188	950	950	0,0	119	0
Sérfræðingur, mengunarvarnir	0	950	950	0,0	119	0
Ræsting	792	317	317	0,0	0	0
Sérfræðingur, umhverfismál og dýrahald	0	0	0	0,0	0	0
Sumarfræðingur	9174	5085	5085	1128,6	534,6	8758
Samtals						

5. Tímægjöld  
Kostnaður sbr. 2.1. 92520000

Virkar vinnustundir eftirlit með starfsemi sbr. 4.1. 9042  
Utgreidd tímægjöld 2017 13.690 kr.

8. Starfsleyfi  
Afgreidd starfsleyfi á ári, áætlun 220  
Áætlaður tími í frágang starfsleyfa 545  
Áætti tími pr. starfsleyfi 2,5

